

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

123. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 27. mars 2014 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindisbréf fjallskilastjórna
2. Ósk um umsögn vegna erindis Guðrunar Kloes.
3. Upplýsingar um vetrarveiðar á ref.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir, formaður og Sigtryggur Sigurvaldason lögðu fram og kynntu drög að erindisbréfi fyrir fjallskilastjórnir í Húnaþingi vestra. Farið var yfir erindisbréfið og breytingar gerðar á einstökum greinum þess. Samþykkt að fresta afgreiðslu erindisbréfsins til næsta fundar.
2. Fram lagt erindi frá byggðarráði þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðrunar Kloes um takmarkað búfjárhald skv. 3. gr. samþykktar um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Óskar Guðrun eftir leyfi til að halda 5 hænur og 1 hana á lóð sinni að Teigagrund 8 á Laugarbakka. Landbúnaðarráð mælir með því að umbeðið leyfi verði veitt með því skilyrði að umræddu búfé verði haldið innan lóðarmarka.
3. Sveitarstjóri greindi frá því að Jónas Jónasson, Samson J. Jónasson og Þorbergur Guðmundsson hafi skrifað undir samning við sveitarfélagið um vetrarveiðar á ref. 2013/2014. Baldur Heimisson og Kristófer Jóhannesson hafa ekki skrifað undir samninga við sveitarfélagið þrátt fyrir að hafa sótt um heimild til vetrarveiða á ref skv. útgefnum reglum sveitarstjórnar þar um.
4. Önnur mál.
Rætt um endurgreiðslur ríkisins vegna grenjavinnslu. Rætt um breytingar sem gerðar voru á forðagæslu búfjár um sl. áramót þar sem MAST hefur nú tekið við forðagæslu af sveitarfélögunum. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að afla upplýsinga frá MAST um talningu búfjár og önnur gögn sem þurfa að vera fyrirbyggjandi v/ álagningar fjallskilagjalda.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn þriðjudaginn 15. apríl nk. kl. 13:00

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:59